



Reykjanesbær 5. desember 2025

Síld og fiskur ehf
Dalshraun 9b
220 Hafnarfjörður

Efni: Framlengt Starfsleyfi

Hjálagt er greinargerð ásamt starfsleyfis skjali fyrir Síld og fiskur ehf., kt. 590298-2399, starfstöð Minni Vatnsleysa, 191 Vogar fyrir reksturs svínabús sbr. lið 18. Eldi svína, annað en í viðauka IV. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Greinargerð:

Fullnægjandi umsókn um starfsleyfi barst þann: 27.11.25.

Umsögn skipulags- og/eða byggingarfulltrúa barst þann: 06.12.22. gildir enn.

Greinargerð og/eða tilskilin gögn fyrir starfssemi barst þann: 30.09.25 til 27.11.2025.

Drög að starfsleyfis skilyrðum auglýst þann: Skilyrði ekki auglýst, eldri skilyrði gilda.

Athugasemdir á auglýsingartíma: Ekki auglýst

Ástæða framlengingar: Gögn frá rekstraaðila bárust ekki tímalega, embættinu gafst ekki ráðrúm til að auglýsa skilyrði fyrir endurnýjað leyfi. Gögn sem bárust embættinu illa framsett og tímafrek yfirferðar. Áorðnar viðbætur við gagnaskil sem UOS kynnti 4. apríl þ.á. t.a.m. um áhrifamat vatnshlota í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sem og annarra atriða sem ræddir voru á fundi með rekstraaðila þann 3. desember s.l. Um er að ræða afgerandi atriði fyrir útgáfu á nýju starfsleyfi sem þurfa að berast embættinu. Yfirferð slíkra gagna útheimtir töluverða vinnu hjá embættinu og þarf því að leggja fram á frambærilegan hátt svo því markmiði verði náð að hægt verði gefa út starfsleyfi til framtíðar á þann hátt að starfsemin geti farið fram í sátt og samlyndi við nærliggjandi íbúa og uppfylli umhverfismarkmið og umhverfisvernd.

Með hliðsjón af framangreindu hefur embættið ákveðið að framlengja starfsleyfi Síldar og fisks ehf., kt. 590298-2399, á starfstöð þess að Minni Vatnsleysa, 191 Vogar til 8. mars n.k. Þessi ákvörðun er tekin með fyrirvara um samþykki heilbrigðisnefndar.

Vinnsla og verkferlar vegna útgáfu eða framlengingu starfsleyfa eru í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og 6. og 7. gr laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.



Almennt:

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hvetur rekstraraðila til að kynna sér og starfsfólki sínu starfsleyfisiskilyrðin vel og haga starfsemi í samræmi við ákvæði sem þar koma fram. Rekstraraðilum er einnig sérstaklega bent á að halda til haga á starfsstöð afritum af förgunarnótum í sér möppu eða á rafrænu formi fyrir tæmingu á olfu- og sandskilju og rotþró þar sem það á við, afritum af förgunarnótum spilliefna og annars úrgangs á einum stað til framvísunar við eftirlit.

Á förgunarnótum skal koma fram að spilliefni og annar úrgangur hafi borist til aðila sem hafa leyfi til förgunar eða meðhöndlunar á slíkum efnum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 806/1999. Nótur skulu varðveittar í 5 ár.

Sérstök ástæða er til að benda öllum rekstraraðilum að halda athafnavæði sínu og lóð snyrtilegu og varast óþarfa uppsöfnun á rusli eða úr sér gengnum tækjum eða búnaði í samræmi við fyrirliggjandi starfsleyfisiskilyrði sem um starfsemina gilda. Þá skulu fyrirtæki ekki færa eða stunda starfsemi, og/eða geyma vörur eða aðföng utan sinna lóðarmarka nema sérstakt leyfi liggi þar fyrir hjá eigendum þeirra lóða og að embættið hafi verið upplýst um það.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja áréttar að gilt starfsleyfi firrir ekki fyrirtæki frá íhlutun embættisins verði vart við uppsöfnun á úrgangi, úr sér gengnum, illa hirtum, tjónuðum eða ónýtum farartækjum eða annarri ruslasöfnun á athafnasvæði starfseminnar. Embættið áskilur sér þann rétt að í samræmi við 14. gr. reglugerðar nr. 803/2026 um meðhöndlun úrgangs að beita viðeigandi kröfum um hreinsun, tiltekt og álímingu á farartæki á athafnasvæði starfseminnar á milli þess sem reglubundið eftirlit er framkvæmt.

Embættið mælir eindregið með að starfsleyfisiskjalið sé prentað út og hangi uppi á áberandi stað sé hægt að koma því við.

Sbr. 13. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993 getur fyrirtækið komið á framfæri skriflegum athugasemdum við ofangreint til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

F.h. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja


J. Trausti Jónsson
Heilbrigðisfulltrúi



Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbæ • www.hes.is • sími 420 3288

STARFSLEYFI

til að reka svínabú

Nafn leyfishafa: ***Síld og fiskur ehf***
Starfsstöð: ***Minni Vatnsleysa, 191 Vogar***
Kennitala: ***590298-2399***
Skilyrði: ***Sértæk fyrir svínabúið og almenn skilyrði fyrir mengandi starfssemi.***

Tekur gildi: **08.12.2025**

Gildir til: **08.03.2026**

Leyfið er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Við útgáfu starfsleyfa og starfsleyfisskilyrða er unnið er samkvæmt viðmiðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða í samræmi við starfsleyfisskilyrði sem um starfsemina gilda hverju sinni.

Breytingar á húsnæði, framleiðslu, rekstri eða tækjabúnaði skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema að nýr rekstraraðili sæki sérstaklega um annað. Ef starfsemi er hætt skal tilkynna það til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra, ef mengun er meiri en búast mátti við, ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða ef fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna. Endurskoðun starfsleyfisskilyrða fer samkvæmt ákvæðum í gr. 14. rg. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit .

Fyrirtækið skal greiða eftirlits- og starfsleyfisgjöld skv. gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja


J. Trausti Jónsson
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja